

Ed.

§§4. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist nýr málslíður:
Þó skal eigi greiða skatt af minni tekjum en 2000 kr.
2. — 3. — Síðari málslíður falli niður.
3. — 4. — Greinin falli niður.
4. — 5. — Greinin orðist svo:
Í janúar skulu hreppsþúar og kaupstaðabúar gefa skattanefnd-
um skýrslu um tekjur sínar næsta ár á undan.
Ef gjaldþegn gefur enga skýrslu um tekjur sínar, eða þyki hún
tortryggileg, skal skattanefnd eftir að hafa krafist sannana og
skírteina, er henni þykir þurfa, áætla tekjur hans svo freklega,
sem hún telur fært, svo að eigi sje hætt við, að þær verði settar
lægri en þær eru í raun og veru.
5. Á eftir 5. gr. komi ný 6. gr., svo hljóðandi:
Skattskrár skulu fullgerðar 14. febrúar og liggja frammi til
sýnis til loka þess mánaðar. Fyrir 8. marz skulu bornar upp
kærur fyrir formanni skattanefndar, og úrskurður um þær feldur
eigi síðar en 15. þess mánaðar.
Kærur yfir úrskurðum skattanefndar skulu komnar til for-
manns yfirskattanefndar eigi síðar en í lok sama mánaðar.
Greinatalan breytist eftir því.
6. Við 6. gr. Orðin »og ganga ríkt eftir rjettu framtali« falli niður.
7. Á eftir 7. gr. komi ný 9. gr., svo hljóðandi:
Skattanefndir og yfirskattanefndir skulu fá sömu þóknun fyrir
störf sín sem sýslunefndarmenn, og greiðist sá kostnaður úr
landssjóði.
Greinatalan breytist eftir því.